

Kennsluáætlun

Bekkur: 7. - 10. bekkur

Námsgrein: Heimilisfræði

Kennari: Auður Hermannsdóttir

Tímafjöldi:

Námsgögn: Kennslubókin *Næring og lífshættir* eftir Brynhildi Briem og Margréti Júlíu Rafnsdóttur auk ýmissa verkefna og uppskrifta frá kennara.

Lykilhæfni: Námsgreinin kemur inn á eftirfarandi þætti samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinnu
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi.

Grunnþættir: Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: Læsi – Sjálfbærni – Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti – Heilbrigði og velferð – Sköpun. Í námsgreininni er unnið með alla þessa þætti þó mismikið sé eftir árgöngum.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Matur og lífshættir	<ul style="list-style-type: none"> - Að nemendur geti tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar. - Geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu. 	<p>Kennsluhættir í heimilisfræði eru að mestu í formi sýnikennslu og verklegra æfinga. Nemendur læra að vinna bæði sjálfstætt og í hóp. Nemendur lesa texta og vinna verkefni í kennslubók samhliða verklegri kennslu auk sífelldrar umræðu um hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni.</p>	<p>Námsmat er símat þar sem ástundun nemenda er skráð eftir hverja kennslustund. Þar er farið eftir því hversu vel nemendur fylgja fyrirmælum, vinna með öðrum, sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og taki virkan þátt í kennslustundum.</p> <p>Áherslan er á að meta ferlið en ekki eingöngu afurðina. Verkefni sem unnin eru yfir önnina eru einnig metin.</p> <p>Leiðsagnarmat er viðhaft yfir árið þar sem nemendur fá munnlega leiðsögn um stöðu sína. Hvað sé gott og hvað sé hægt að bæta.</p>
Matur og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none"> - Að nemendur geti beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld. - Geti greint frá viðbrögðum við slysum á heimilinu. - Geti nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýninn hátt um næringarfræði, neytendamál, hagkvæmni í innkaupum, aukaefni, geymslu og matreiðslu. 		

<p>Matur og umhverfi</p>	<p>- Að nemendur geti sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í vítt sambengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun.</p>		
<p>Matur og menning</p>	<p>Að nemendur geti sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðarrétti.</p>		